

21. febrúar 2022

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu –Skólphreinsivirki Reyðarfirði, Hreinsitækni ehf.

Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna skólphreinsivirkis við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði barst 13. janúar sl. Umsækjandi var Hreinsitækni ehf., kt. 621293-2069.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 16.2.2022.

Engar athugasemdir við auglýsta starfsleyfistillögu bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir skólphreinsivirki við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði útgefið þann 21.2.2022 með gildistíma til tólf ára.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi